

Yfirdómurinn verður nú að álíta, að áreiðin ekki hafi bætt úr göllum þeim, sem eru á uppdrættinum, og sem yfirdómurinn telur að sjeu:

- 1, að ekki eru tilgreind örnefni á farvegum þeim, sem á uppdrættinum eru milli Syðstafarvegs og Yztafarvegs eða Bræðrakýls,
- 2, að ekki er sýnd afstaða bæjanna Ytrihóls, Syðrihóls, Grafar, Skálpagerðis, Syðragils, og Yztagils, nje lœksins hjá Ytrahóli,
- 3, og að enginn áttaviti er á uppdrættinum, og eru þessir gallar svo mikilvægir, að ekki er unnt að leggja úrslit á þrætuefnið í málinu, meðan ekki er úr þeim bætt. Þegar þar við bætist, að enginn regluleg áreiðargjörð er fram komin undir málinu, en þess að eins getið, að riðið hafi verið á landið, verður ekki hjá því komizt samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, sbr. tilskip. 31. marz. 1719, að dæma undirdóminn ex officio ómerkan. — Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á ómerkur að vera.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. janúarmán.

Nr. 7/1882

Skiptaráðandinn í dánarbúi
Halldórs Kristjánssonar
og Sigurbjargar Sigurðardóttur
gegn

Sigurði umboðsmanni Guðnasyni.

Dómur:

Tildrög máls þessa eru svo, sem nú skal greina. Árið 1848 brugðu þau Halldór Kristjánsson og kona hans Sigurbjörg Sigurðardóttir, er þá bjuggu á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal, búi vegna þess, að Halldór þjáðist þá af geðveiki; fór Sigurbjörg þá að Ljósavatni til Sigurðar Guðnasonar, er átti Björgu, dóttir þeirra hjóna, og var hjá þeim þangað til hún andaðist 18. apríl 1866, en Halldór fór að Yztafelli til síra Jóns bróður síns og dvaldi þar þangað til 1851 að Guðrún, önnur dóttir þeirra hjóna, giptist Friðriki Nielssyni frá Hólum í Hjaltadal; fór hann þá með þeim vestur í Skagafjörð, og var hjá þeim á Hofi í Hjaltadal þangað til Guðrún andaðist og síðan hjá Friðriki til dauðadags, 12. marz 1879. Þegar Halldór brá búi, var lausafje þeirra hjóna, er ekki var þegar búið að farga, selt, en jörðunum hjeldu þau, en þær voru: Austaríkrókar, Kambsmýrar, Melar, Neðribær og Háls, og árið 1858 fjekk Sigurbjörg enn fremur í arf eptir föður sinn Þórustaði og $\frac{1}{4}$ part úr Núpum. Frá því að Halldór fór vestur, tók hann til sín gjaldið af Austaríkrókum og Melum, unz hann seldi þær jarðir 1854, en afgangið af hinum jörðunum rann til Sigurbjargar. Árið 1860 afsalaði Halldór Sigurði Guðnasyni, tengdasyni sínum, jarðirnar Háls og Neðribæ til allra umráða og eignar (uppi væntanlegan hluta hans eptir Halldórs dag), og hefur afgangið af þeim jörðum síðan runnið til Sigurðar, en frá 1862 tók Halldór til sín afgangið af Þórustöðum og seldi þá jörð 1873, og frá 1863 hefur afgangið af Kambsmýrum og af $\frac{1}{4}$ parti af Núpum runnið til Hólum.

fríðar, þriðju dóttur þeirra hjóna Halldórs og Sigurbjargar. Þegar Halldór Kristjánsson andaðist, 12. marz 1879, var bú hans tekið til skipta af skiptaráðandanum í Skagafjarðarsýslu; þá kom Friðrik Niélsson fram með kröfu í búið um forlagseyri fyrir Halldór árin 1851—1879, samtals kr. 5875, 36, og með því að hinir erfingjarnir ekki vildu samþykkja þá kröfu, og ágreiningur var milli erfingjanna um, hvað telja skyldi sem eign búans, lagði skiptaráðandi úrskurð á þann ágreining, og úrskurðaði meðal annars, að höfða skyldi mál af hálfu búans gegn Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni til að fá hann skyldaðan með dómi til:

- 1, að innfæra í dánarbú tengdforeldra sinna, Halldórs Kristjánssonar og Sigurbjargar Sigurðardóttur, jarðirnar Háls í Kinn og Neðribæ í Flatey, er honum voru afhentar 3. október 1860 til að makaskipta þeim fyrir Öxará, sem og heimanmund konu hans Bjargar Halldórsdóttur, þannig að andvirði jarðanna, sem metið er 2360 krónur, ásamt heimanmundinum, 400 kr., verði reiknað uppí erfð konu hans og það sem honum að öðru leyti kynni að bera af nefndu dánarbúi;
- 2, að gjalda til búans eða skiptaráðanda í Skagafjarðarsýslu:
 - a. jafngildi afgangdanna af Hálsi og Neðribæ 1863—1880 með 2124 krónum eða eptir rjettum reikningi;
 - b. upphæð afgangdanna af eignum búans, Kambsmýrum á Flateyjardal og $\frac{1}{4}$ parti Núpa í Reykjadal 1863 til 1880 með 1314 krónum eða eptir rjettum reikningi, nema það fram

komi viðurkenning Hólmfriðar Halldórsdóttur á Ljósavatni um, að það megi reikna henni þessi gjöld upp í erfð hennar og til útborgunar;

3, að gjalda eptirstöðvar af lausafje Halldórs sáluga og af jarðarafgjöldum, er Sigurður innheimti 1848 til 1862, með 952 kr., en fái þetta kröfuatriði eigi framgang, þá til vara, að semja reglulega skilagrein fyrir öllu lausafje Halldórs sáluga og konu hans, þá er hann veiktist og þau hjón hættu búskap 1848, og fyrir afgangi af öllum jörðum þeirra 1848 til 1862, sem og til að borga eptirstöðvarnar eða það, sem hann álizt eigi hafa gjört tilhlýðileg skil fyrir.

Samkvæmt þessum úrskurði sínum ljet skiptaráðandinn í Skagafjarðarsýslu höfða mál gegn Sigurði umboðsmanni Guðnasyni á Ljósavatni fyrir gestarjetti þingeyjarsýslu og fylgja fram kröfum þeim, sem nú voru taldar, en með dómi, kveðnum upp fyrir nefndum rjetti 10. október 1881, var Sigurður Guðnason dæmdur sýkn af kærum og kröfum skiptaráðandans fyrir hönd dánarbús Halldórs Kristjánssonar og Sigurbjargar Sigurðardóttur og dótturbarna þeirra og málskostnaður látinn falla niður. Þeim dómi hefur skiptaráðandinn í Skagafjarðarsýslu áfrýjað fyrir hönd nefnds dánarbús til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 5. apríl f. á., og haldið fram sömu rjettarkröfum sem fyrir gestarjettinum, að því viðbættu, að Sigurður Guðnason verði skyldaður til að borga búinu kostnað málsins fyrir báðum rjettum með hæfilegri upphæð. — Hinn stefndi, Sigurður umboðsmaður Guðnason á Ljós-

vatni, hefur aptur á móti krafizt, að verða algjörlega sýknaður af kærur og kröfum áfrýjandans í máli þessu, og að sjer verði dæmt endurgjald fyrir málskostnað með 100 kr., eða einhverju nægilegu.

Í 1. tölulið rjettarkröfu sinnar hefur áfrýjandinn farið því fram, að hinn stefndi verði skyldaður til að innfæra í dánarbú tengdaforeldra sinna jarðirnar Háls og Neðribæ, og heimanmund konu hans, 400 kr., þannig að þetta verði reiknað uppi erfð konu hans, og það sem honum kynni að öðru leyti að bera af nefndu dánarbúi. Að því er snertir jarðirnar Háls og Neðribæ, þá er þess áður getið, að Halldór Kristjánsson hafi afsalað hinum stefnda þessar jarðir árið 1860 til allra umráða og eignar uppi væntanlegan arf konu hans, og hefur hinn stefndi lagt fram fyrir undirrjettinum eptirrit af tveim afsalsbrjefum fyrir nefndum jörðum, út gefnum af Halldóri 3. október 1860 og áteiknuðum af Friðriki Nielssyni, að hann væri þeim samþykkur, og jafnframt sýnt frumritin í rjettinum. Að vísu hefur málflutningsmaður áfrýjandans hjer fyrir rjettinum mótmælt þessum afsalsbjefum, en þeim mótmælum verður enginn gaumur gefinn, með því að áfrýjandi, sjálfur skiptaráðandinn í Skagafjarðarsýslu, með berum orðum hefur kannast við, að Halldór hafi með brjefinu 3. október 1860 afsalað hinum stefnda opt nefndar jarðir til allra umráða og eignar (sbr. rjettarskjal 3, blaðs. 3 og 12). Með því að það þannig er játað af áfrýjandanum, að Halldór Kristjánson hafi afsalað hinum stefnda jarðirnar Háls og Neðribæ til fullrar eignar með skilyrðislausum afsalsbrjefum, er aðeins bundu afsalið því

ákvæði, að jarðirnar skyldu koma upp í væntanlegan arf konu hans, þá getur áfrýjandinn ekki heimtað, að jarðir þessar verði innfærðar í bú Halldórs og Sigurbjargar, nema hann sanni, að Halldór, þrátt fyrir afsalið, hafi haldið áfram að vera eigandi jarðanna, eða að afsalið af einhverjum ástæðum hafi verið ógilt. Í þessu efni hefur áfrýjandinn haldið því fram, að afsal jarðanna hafi aðeins verið til málamynda eptir beiðni hins stefnda til þess að hann gæti boðið stjórninni þær í makaskiptum fyrir þjóðjörð, sem hann vildi eignast, og úr því ekkert hafi orðið af makaskiptunum, þá sje afsal jarðanna til hins stefnda ógilt, og þær eptir sem áður eign Halldórs eða nú dánarbús hans. Þetta byggir áfrýjandinn *sumpart* á kafla úr brjefi því, þar sem hinn stefndi fór þess á leit við tengdaföður sinn að fá eignarheimild fyrir Hálsi og Neðribæ til þess að geta látið þær í makaskiptum fyrir Öxará, og segir hinn stefndi þar meðal annars, að ef makaskiptin komist ekki á, þá verði jarðirnar eptir sem áður Halldórs eign, en komist makaskiptin á, ætlist hann til, að tengdforeldrar hans uppberi allt afgjaldið af Öxará um þeirra daga, eins og hann líka býðst til að setja tengdaföður sínum fullt veð fyrir á minnstum jörðum hans, *sumpart* á þrem skjölum (rjettarskjöl 4, K, S og T), þar sem Halldór telji hinn stefnda skyldan til að gjöra skilagrein meðal annars fyrir opt nefndum jörðum og afgjöldum þeirra.

Að því nú er snertir kaflann úr brjefi hins stefnda til tengdaföður hans, þá sannar hann aðeins, að hinum stefnda hafi verið mikið áhugamál að fá

eignarheimild fyrir jörðunum Hálsi og Neðribæ, að hann ekki hafði búizt, við, að tengdafaðir sinn mundi afsala sjer jarðirnar skilyrðislaust, og að hann því hafi gjört tengdaföður sínum ýms tilboð og uppástungur til þess að telja hann á að selja sjer í hendur eignarheimild fyrir jörðunum, en hinsvegar sannar brjefkaflinn ekkert um, hvað Halldóri hafi gengið til að verða við tilmælum tengdasonar síns, hvort heldur það, að gjöra tengdasyni sínum greiða og efla velfarnan hans, eða hitt, að afsal jarðanna einungis væri til málamynda eða að fullt endurgjald kæmi fyrir þær; um það eru afsalsbrjefin ein til frásagnar, og þau sýna ljóslega, að Halldór hafi ekki hirt um að nota sjer tilboð tengdasonar síns, heldur selt honum í hendur skilyrðislausan eignarrjett til jarðanna, og einasta viljað sjá um, að hinum erfingjum sínum yrði enginn órjettur gjör, með því að ákveða, að jarðirnar á síðan skyldu koma upp í arfahluta hins stefnda eptir sig; að þessi hafi verið tilætlun Halldórs með afsalsbrjefunum styrkist einnig bæði af því, að einn af þá verandi erfingjum hans, Friðrik Nielsson tengdasonur hans, hefur ritað á þau samþykki sitt, sem hefði verið tilgangslaust, ef afsalið að eins hefði verið til málamynda, sem og af því, að ekkert er fram komið um, að Halldór hafi gjört neina tilraun til að kippa afsali jarðana upp eða á annan hátt gjöra tilkall til þeirra, eptir að útsjæð var um, að makaskiptunum á þeim fyrir Öxará varð ekki framgengt. Að Halldór Kristjánsson hafi gefið tengdasyni sínum jarðirnar Háls og Neðribæ er einnig í fullu samræmi við það, að hann 2 árum seinna gaf

öðrum tengdasyni sínum, Friðriki Nielssyni, 2000 kr., án þess einusinni að áskilja, að þær skyldu koma upp í arf konu hans. Hin önnur skjöl, sem áfrýjandinn byggir á, geta heldur ekki komið til greina gagnvart afsalsbrjefunum 3. október 1860, því í brjefum [Halldórs 11. ágúst 1862 (rjettarskjöl 4. S og T) segir aðeins, að hinn stefndi hafi að svara til sameiginlegs bús þeirra Halldórs og konu hans, og að Halldór „uppástandi“ að hinn stefndi gjöri honum og hans, „mannborleg og ærusamleg skil á öllum eignum hans föstum og lausum, hverju nafni sem heitir“, en jarðirnar Háls og Neðribær eru þar eigi nefndar, svo að enginn átylla er til að álykta, að Halldór hafi talið þær til „sameiginlegs bús“ þeirra hjóna, eða meðal „allra eigna sinna fastra og lausra“, engu fremur en hinar aðrar 2 jarðir, er hann hafði selt árið 1854.

Í ráðstöfunarbrjefinu 12. marz 1879 (rjettarskjal 4, K) nefnir Halldór að visu Háls og Neðribæ sem sína eign, en bæði er gildi þessa skjals, sem er dagsett sama daginn, sem Halldór andaðist, mótmælt af hinum stefnda, enda er það auðsætt, að einber ummæli Halldórs, 19 árum eptir að hann hefur afsalað nefndar jarðir, um að hann sje eigandi þeirra, ekki geta í neinn handa máta hnekkt gildi skýlausra afsalsbrjefa. Yfirdómurinn verður þannig að öllu leyti að fallast á þá niðurstöðu undirdómarans, að taka beri afsalsbrjefin 3. október 1860 til greina eins og þau liggja fyrir og eptir orðanna hljóðan, og að hinn stefndi þess vegna samkvæmt tilsk. 25. septbr. 1850, 11. gr. sbr. 10. gr. ekki verði skyldaður til að innfæra jarðirnar Háls og Neðribæ í

búið eptir tengdforeldra sína meðerfingja sinna vegna, eins og hann heldur ekki verður skyldaður til þessa skuldheimtumanna vegna, þar sem ekkert er komið fram undir málinu, er bendi til, að bú Halldórs og konu hans ekki hafi hrokkið fyrir skuldum, þegar hann afsalaði opt nefndar jarðir, heldur þvert á móti, að þau þá hafi verið vel efn- um búin, en skuldir litlar eða engar. Sömuleiðis verður yfirdómurinn að vera á sama máli og undir- dómurinn um það, að ekki geti komið til tals að skylda hinn stefnda til að innfæra í dánarbú tengda- foreldra sinna heimanmund konu sinnar, þar sem jafnvel alla sönnun vantar fyrir, að það hafi verið tilætlun tengdafiðurs hans, að heimanmundur þessi ætti að koma upp í arf Bjargar dóttur hans, sbr. tilskip. 25. septbr. 1850, 10. gr.

Þar sem áfrýjandinn í 2. tölulið a í rjettarkröfu sinni hefur viljað, að hinn stefndi verði skyldaður til að gjalda til dánarbús Halldórs Kristjánssonar eða skiptaráðandans í því jafngildi afgangdanna af Hálsi og Neðribæ árin 1863 til 1880, þá leiðir það beinlínis af því, sem áður er sagt, að með því að hinn stefndi var orðinn eigandi nefndra jarða 3. október 1860, þá getur honum ekki borið nein skylda til að standa neinum öðrum skil á afgangd- um jarðanna eptir þann tíma, nema afsalið hafi verið bundið beinum skildaga í þá átt, en það er áður tekið fram, að afsal jarðanna til hins stefnda hafi ekki, eptir því sem fram er komið í málinu, verið bundið neinu öðru skilyrði en því, að þær ættu á síðan að koma upp í arf konu hins stefnda eptir foreldra sína; þessi rjettarkrafa áfrýjandans

verður þannig ekki heldur til greina tekin, og hin sama hlýtur niðurstaðan að verða að því er snertir staflíð b í þessum tölulíð rjettarkröfunnar, því að áfrýjandinn hefur sjálfur lagt fram fyrir yfirdóm-inum skjal, er sýnir, að afgangur af jörðunum Kambsmýrum og $\frac{1}{4}$ parti Núpa árin 1863 til 1880 hafi ekki runnið til hins stefnda, heldur til Hólmsfríðar, þriðju dóttur þeirra Halldórs og Sigurbjargar. Þessi jarðaravgjöld eru hinum stefnda þannig alveg óviðkomandi, nema hann hefði tekið að sjerstaka skuldbinding gagnvart Halldóri Kristjánssyni til að standa honum eða búi hans skil á þessu, en um það er ekkert fram komið undir málinu. —

Að því er loks snertir 3. tölulíð í rjettarkröfu áfrýjandans, þá byggir hann skyldu hins stefnda til að gjalda eptirstöðvar af lausafje Halldórs Kristjánssonar og af jarðaravgjöldum, er hinn stefndi hafi innheimt árin 1848 til 1862, með 952 kr. (ekki 954 kr.) á skiptauppkasti, er á að vera gjört árið 1862 (rjettarskjal 4 B B), og þar sem hinum stefnda er ætlað upp í arfahluta hans meðal annars 476 rd. í landskulddum; en þetta skiptauppkast, sem á að vera skrifað af síra Jóni Kristjánssyni, þá á Yztafelli, verður ekki tekið til greina sem sönnun fyrir, að hinn stefndi þá hafi skuldað Halldóri tengdaföður sínum nefnda upphæð, með því að hinn stefndi hefur þversynjað fyrir að hafa átt neinn þátt í því eða lagt á það samþykki sitt, enda fóru engin skipti fram milli erfingja Halldórs árið 1862, af því þeir gátu eigi orðið ásáttir. Þegar þá kemur til varakröfunnar undir þessum tölulíð, að hinn stefndi gjöri reglulega skilagrein fyrir öllu lausa-

fje Halldórs sáluga og konu hans þegar þau brugðu búi 1848 og fyrir afgjaldi af öllum jörðum þeirra 1848 til 1862, ber þess fyrst að geta, að þar sem áfrýjandinn hefur krafizt, að hinn stefndi gjöri skilagrein fyrir afgjaldi af öllum jörðum þeirra hjóna 1848 til 1862, þó verður sú krafa ekki samrýmd við þann framburð áfrýjandans sjálfs (rjettarskjal 3 bls. 2), að Halldór frá 1851 hafi tekið til sin afgjalðið af 2 þessara jarða og selt þær 1854. Að öðru leyti fellst yfirdómurinn alveg á þá skoðun undirdómarans, að hinum stefnda ekki geti borið skyldu til að gjöra slíka skilagrein, sem varakrafan fer fram á, nema hann annaðhvort með sjerstakri gjörð eða samningi, eða þá í verkinu með afskiptum sínum af búinu hafi lagt sjer slíka skyldu á herðar, og með því hinn stefndi hefur þversynjað fyrir, að svo hafi verið, þá hljóti sönnunarbyrðin í þessu tilliti að hvíla á áfrýjanda, eins og yfirdómurinn einnig fellst á þá niðurstöðu hjá undirdómaranum, að slík sönnun sje ekki fram komin af hálfu áfrýjandans. Að nein gjörð eða samningur hafi farið fram þá, er þau Halldór og Sigurbjörg brugðu búi 1848, er fæli hinum stefnda á hendur umráð og umsjón yfir búi þeirra, er ekki upplýst af áfrýjandanum, nje einu sinni, að nein uppskript á eigum búans hafi verið gjörð, sjer í lagi verður ekkert byggt í þessu efni á ummælum í áðurnefndum brjefum hans 11. ágúst 1862 og 12. marz 1879 (rjettarskjal 4 k, S. og T.), því eintóm yfirlýsing Halldórs um, að hinn stefndi eigi að svara til sameiginlegs búans þeirra hjóna, að hann eigi að standa skil á öllum eigum þeirra föstum og lausum, og að

mestur hluti af eigum þeirra sje í vörzlum hans, verður ekki tekin til greina gegn neitun hins stefnda, nema sú yfirlýsing hafi við önnur rök að styðjast, en yfirdómurinn fær ekki sjeð að svo sje, þvert á móti virðist allt sem fram er komið í málinu benda til, að Halldór hafi haldið umráðunum yfir eigum sínum óskertum, eins eptir að hann hætti búskap eins og áður, þannig selur hann 1854 2 af jörðum sínum, afsalar hinum stefnda aðrar 2 jarðir 1860 upp í arf hans, gefur Guðrúnu dóttur sinni 1862 2000 krónur, selur Þórustaði 1873, og eptir því sem ráðið verður af skýrslu síra Jóns Kristjánssonar (rjettarskjal 4 O), tók hann einnig áður en hann fór vestur ákvörðun um borgun skulda og eptirgjöf á jarðarafgjaldi. Heldur ekki fær yfirdómurinn sjeð, að áfrýjandinn hafi leitt nægileg rök að því, að afskipti hins stefnda af eigum tengdforeldra sinna hafi verið svo yfirgripsmikil eða þess eðlis, að hann með þeim hafi bakað sjer skyldu til að gjöra dánar-búi þeirra reglulega skilagrein fyrir eigum þeirra. Að því er snertir lausafje þeirra hjóna, þá er það upplýst, að Halldór sálugi hafi sjálfur selt megin hlutann af hinum dauðu munum, en mestur hluti sauðfjárins verið lagður í kaupstað í reikning Halldórs; hitt virðist sumpart hafa verið selt við uppboð, sumpart runnið til Sigurbjargar konu Halldórs og andvirðinu verið varið til skuldalúkningar (sbr. rjettarskjal 4, E 1—4); en það er ekkert fram komið í málinu um, að neitt af lausafje eða útistandandi skuldum búsinns hafi runnið til hins stefnda. Sama er að segja um afganginn af jörðum búsinns, að öll umráðin yfir þeim, eins og undirdómarinn

ytrarlega hefur sýnt fram á, virðast hafa verið hjá þeim hjónum Halldóri og Sigurbjörgu, en afskipti hins stefnda að eins í því fölgín, að hann hafi verið tengdareldrum sínum hjálplegur með innheimtu afgjaldanna; frekara verður ekki með neinni vissu ráðið af upplýsingum þeim, sem fram eru komnar undir málinu.

Yfirdómurinn fær þannig ekki sjeð, að neitt af kröfuatriðum áfrýjandans í máli þessu verði tekin til greina, og ber því að staðfesta gestarjettardóminn. Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 12. febrúar.

Nr. 26/1881.

Rjettvísín

gegn

Jónasi Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á aukapíngi Snæfellsness-og Hnappadalssýslu 6. dag septembermán. 1881, var hinn ákærði, Jónas Jónsson, dæmdur til að sæta hegningarvinnu í 2 ár; svo skyldi hann og greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, 4 krónur, og í iðgjöld prestinum Snorra Norðfjörð 18 krónur, og Benedikt Björnssyni 12 krónur. Þess-